

Skottur, regnhlífasamtök kvennahreyfinga á Íslandi

Skottur eru regnhlífasamtök félaga og samtaka innan kvennahreyfingarinnar á Íslandi samtökin voru stofnuð 25 mars sl. Skotturnar voru stofnaðar í tilefni þess að kvennafrídagurinn er 35 ára nú í ár og er markmið samtakanna að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi í tengslum við þann dag. Skotturnar hafa því ákveðið að boða til alþjóðlega viðburða dagana 24.–25. október nk. undir yfirskriftinni:

Kvennafrídagurinn 2010 – konur gegn kynbundnu ofbeldi /Women Strike Back 2010.

Það þarf ekki að minna á að samstaða íslenskra kvenna þann 24. okt. 1975 vakti heimsathygli. Það sama má segja um 24. okt. árið 1985 og síðast árið 2005. Hvergi annars staðar virðast konur hafa náð annarri eins samstöðu um kjör sín og stöðu.

Árið 2020 er merkilegt fyrir margra hluta sakir í ár eru 35 ár frá fyrsta kvennafrídeginum, 90 ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt, 80 ár eru liðin frá stofnun Kvenfélagasambands Íslands, 40 ár frá stofnun Rauðsokkureyfingarinnar, 30 ár frá forsetakjöri frú Vigdísar Finnbogadóttur, 20 ár frá stofnun Stígamóta, 15 ár frá samþykkt Pekingáætlunarinnar.

Íslenskar konur búa yfir mikilli þekkingu varðandi kvennabaráttu og eru kynsystur sínum til hvatningar hvaðanæva úr heiminum.

Verkefnið

Kvennahreyfingin hefur reglulega fundað í vetur um hvernig skuli best standa að kvennafrídeginum í ár og er verkefnið byrjað að taka á sig mynd. Aðalviðburðurinn er þegar íslenskar konur leggja niður störf 25 október og funda á Arnarhóli þar munu ræðukonur ávarpa konurnar þar á meðal er umboðskona Sameinuðu þjóðanna Rashida Mansjoo ásamt íslenskum konum. Einnig verður alþjóðleg ráðstefna

Verkefnistýra hefur verið ráðin og hóf hún störf 24 mars sl. hún mun hafa umsjón með fjáröflun og framkvæmdum varðandi báða viðburðina. Stígamót hafa lánað húsnæði fyrir skrifstofu og er verkefnið nú þegar farið af stað.

Ýmsar leiðir verða farnar í fjáröflun á verkefninu Sótt verður í fleiri sjóði, til fyrirtækja og opinberra aðila til þess að verkefnið verði myndarlegt.

Byrjað er á hönnun gripa sem hægt verður að selja á sjálfan kvennafrídaginn.

Kvennafrídagurinn

Kvennafrídagurinn er eitt sterkasta sameiningartákn íslenskra kvenna og voru Skotturnar sérstaklega stofnaðar vegna hans. Þann 24 október nk. verða 35 ár liðin frá fyrsta

kvennafrídeginum þá munu konur leggja niður störf á þeim tímapunkti sem þær hafa unnið vinnutíma sinn fyrir sömu laun og karlar. Stór útifundur verður boðaður þann 25 október þar sem 24 október ber upp á sunnudegi. Konur munu leggja niður störf þegar þær hafa unnið fyrir launum karla og sýna samstöð eins og þær hafa ávalt gert á þessum baráttudegi kvenna.

Listviðburðir verða víðsvegar um borgina og munu Skottur láta hanna sérstakt merki og varning sem hægt verður að nota í tengslum við stóra viðburðinn.

Alþjóðleg ráðstefna

Alþjóðlega ráðstefnu á að halda 24 október um ofbeldi gegn konum. Aðalræðumaður er Rashida Mansjoo, umboðskona Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum. Auk hennar hefur fjölmörgum virtum baráttu- og fræðikonum verið boðið að taka til máls frá öllum heimsálfum, erlendum jafnt sem innlendum. Konur eru þegar byrjaðar að hafa samband að utan og lýsa miklum áhuga

Jafnframt er hugur í listakonum um alþjóðlega listadagskrá kvenna og fleira er í deiglu. Þá eru einnig í undirbúningi hliðarviðburðir við ráðstefnuna ásamt ýmsum listviðburðum. Að ógleymdum stóra viðburðinum kvennafrídeginum.

Ofbeldi

Enn er ofbeldi karla gegn konum ljótasti bletturinn á jafnréttisríkinu Íslandi. Fulltrúar allra kvennasamtakana hafa einróma samþykkt að sameinast í kröfunni um að Ísland standi undir nafni sem réttarríki – líka fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Minnt skal á að á tíu ára tímabili (1997-2006) féllu í héraðsdómum að meðaltali innan við 5 nauðgunardómar á ári og í Hæstarétti innan við 3 nauðgunardómar á ári. Á sama tíma fengust Stígamót og Neyðarmóttaka vegna nauðgana við 200-300 nauðganir hvert ár og vitað er að fjöldi kvenna sótti ekki hjálp. Þótt margt hafi áunnist á undanförunum 20 árum eru enn fordómar ríkjandi gagnvart þeim sem beitt eru ofbeldi og ofbeldismenn hvorki sýnilegir, kærðir né dæmdir. Rauði þráðurinn í lífi kvenna sem hefur verið nauðgað er enn skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd. Við erum allar sammála um að það er óásættanlegt og boðum til þessarar dagskrár til að berjast gegn ofbeldi.

Skottur

Þau félög sem standa á bak við Skottur hafa yfir 10.000 konur innann sinna félaga, félögin eru:

Aflið, Bríet, Feministafélagið, Kvenfélagasambandið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin Kvenréttindasamband Íslands, Mæðrastyrksnefnd RVK, Samtök kvenna af erlendum uppruna Soroptimistasambandið, Sólstafir, Stígamót, UNIFEM, Zontasambandið.